



## Ályktun félagsstjórnarfundar Sjúkraliðafélags Íslands, 13. september 2016.

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands lýsir yfir verulegum vonbrigðum með þá aðila í forystu BSRB sem sömdu um og samþykktu gríðarlegar skerðingar á framtíðar lífeyrisréttindum A-deilda LSR og Brúar. Opinberir starfsmenn hafa í áraraðir sætt sig við lægri laun en eru á almennum vinnumarkaði í þeirri trú að verið væri að greiða fyrir betri lífeyrisréttindi til framtíðar.

Nú liggur fyrir að framtíðar lífeyrisréttindi verða skert, starfsæfin lengd og ábyrgð vinnuveitanda á sjóðnum verði afnumin, án þess að niðurstaða hafi fengist í það hvað komi í staðinn og á hvern hátt laun milli opinbera og almenna markaða verið jöfnuð.

Minnt er á samþykktir/ ályktanir 44. þings BSRB, sem formaður bandalagsins bar upp og vörðuðu lífeyrisréttindi.

- Þingið krafðist þess að bakábyrgð launagreiðanda af lífeyrisskuldbindingum félli ekki niður af A-deild LSR og LSS.
- Komi til þess að lífeyrisréttindi á milli markaða verði samræmd verður jafnframt að fara fram vinna við að greina launamun á milli markaða og jafna þann mun í launum.
- Þingið fól bandalaginu að leggja áherslu á sérstöðu einstakra starfsstétta vegna álags í starfi, þannig að þeir væru undanþegnar lengingu starfsæfinnar ef til hækkunar lífeyristökualdurs kæmi.

Fulltrúar BSRB hafa ekki fylgt þessu eftir utan tryggingu núverandi sjóðsfélaga og er slíkum vinnubrögðum og gerræði mótmælt harðlega.

Gera verður þá lágmarkskröfu til þeirra aðila sem kjörnir eru í stjórn BSRB að þeir starfi samkvæmt samþykktum / ályktunum bandalagsins og setji sig inn í þau málefni sem til umfjöllunar eru, áður en til fundarsamþykktar kemur.

Þess er krafist að öllum opinberum starfsmönnum verði kynnt staðan og samkomulagið verði ekki undirritað fyrir en um það hefur verði kosið í almennum kosningum opinberra starfsmanna.

Fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður